

Bæjarskrifst. Garðabæjar	
Mótt.dags.	15.02.2016
Málalykill	04
Mál nr.	1602079

Garðabæ 11. febrúar 2016

Berist til
Bæjarráð Garðabæjar
Garðatorgi 7
210 Garðabæ

Efni: Ósk um breytingar á samningi vegna reksturs grunnskóla Hjallastefnunnar í Garðabæ.

Hjallastefnan ehf óskar eftir því við bæjarráð Garðabæjar að breytingar verði á samningi Hjallastefnunnar og Garðabæjar hvað varðar fjárframlög til reksturs grunnskóla Hjallastefnunnar í Garðabæ sem dagsettur er 5. júní 2015.

Í ljósi þeirrar þróunar sem orðið hefur á síðustu misserum hvað varðar starfsmat og kjarasamninga er ljóst að rekstrarskilyrði grunnskólanna eru afar erfið og þung. Viðmið í núgildandi samningi byggja á resktrarkostnaði grunnskóla í Garðabæ sem eru fjölmennir og þar af leiðandi hagkvæmir í rekstri. Sjálfstætt starfandi skóla búa hins vegar við þær aðstæður að einingarnar eru oft á tíðum minni en bæjarreknu skólarnir og þar með óhagkvæmari rekstrareining. Þrátt fyrir það er það trú okkar að aukið val hvað varðar skólamál sé mikils virði fyrir íbúa hvers sveitarfélags og að í þessu vali felist mikil lífsgæði. Skólum Hjallastefnunnar í Garðabæ er samkvæmt samningi ekki heimilt að innheimta skólagjöld sem takmarkar tekjumöguleika félagsins. Í öðrum sveitarfélögum byggja framlög til skólanna á útreiknuðum Hagstofuviðmiðum. Þessi viðmið byggja á kostnaði allra skóla á landinu og þar hefur því verið tekið tillit til minni eininga og skóla sem búa við aðstæður sem eru sambærilegar þeim sem skólar Hjallastefnunnar starfa við. Til að mæta þessu óskar Hjallastefnan eftir því að breytingar verði á samningi félagsins við Garðabæ hvað varðar eftirtalda efnisþætti.

1. Það er ósk Hjallastefnunnar að Garðabæ niðurgreiði fyrir nemendur Hjallastefnunnar kostnað vegna fristundastarfs og fristundaaksturs með sama hætti og gert er fyrir nemendur bæjarfélagsins í öðrum skólum.
2. Hjallastefnan óskar eftir því að Garðabæ taki þátt í skólaakstri hvað varðar íþróttaiðkun og sundkennslu nemenda.
3. Hjallastefnan óskar eftir því að viðmið varðandi rekstrarframlög á nemenda á ársgrundvelli taki mið af 75% Hagstofuframlögum að viðbættu ígildi skólagjalda sem innheimt er í öðrum sveitarfélögum sem Hjallastefnan rekur grunnskóla í. Að sama skapi óskar Hjallastefnan eftir því að framlögin breytist samhliða breytingum á viðmiðum Hagstofunnar hvort sem fram koma ný gildi eða nýtt hlutfall.
4. Að lokum óskar Hjallastefnan eftir því að sérstaklega verði skoðaðir liðir sem snúa að rekstrarkostnaði fasteigna, viðhaldi og kaupum á búnaði.

Það er von Hjallastefnunnar að áfram verði hægt að standa fyrir metnaðarfullu skólastarfi undir merkjum félagsins á Vífilsstöðum og auka þannig fjölbreytileika og val íbúa bæjarfélagsins hvað skólamál varðar.

Með vinsemd og virðingu,

F.h. Hjallastefnunnar,

Ingibjörg Ösp Stefánsdóttir
Ingibjörg Ösp Stefánsdóttir